

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

168
28. ágúst

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst. mæli á kr. 1.00 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst. mæli á 35 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.50 á ári á m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Þar sem gólfpletir eru tiltölulega stórir, miðað við ljósamagn, er heimilt að veita afslátt á fastagjaldi, samkvæmt reglum, er rafveitustjórn setur.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

1. Um kwst. mæli á 23 auru hver kwst., af fyrstu notkun, er nemi:

Í íbúð, sem er 1 herbergi og eldhús, 1200 kwst. á ári.	
———,——— 2 ———,——— 1500 ———,———	
———,——— 3 ———,——— 1800 ———,———	
———,——— 4 ———,——— 2000 ———,———	
———,——— 5 ———,——— 2200 ———,———	
———,——— 6 ———,——— 2300 ———,———	
———,——— 7 ———,——— 2400 ———,———	

Notkun umfram þetta greiðist með 16 aurum hver kwst. Notandi greiði auk þess fastagjald, kr. 2.50 á mánuði, fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar, og eldhús.

Herbergi, sem er minna en 5 m², skal reikna sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö.

C. Vélar.

Þar, sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld:

1. Um kwst. mæli á 60 auru hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 125.00 til kr. 150.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Um kwst. mæli á 40 auru hver kwst. á vatnsdælur til heimilisnota. Eftir þessum gjaldskrárlið má einnig selja raforku til götu og hafnarlýsingar, svo og til nota um vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.
3. Ef uppsett rafvélaafl fastra véla við fiskiðnað er yfir 20 kw.,

um kwst. mæli á 16 auru hver kwst. fyrstu 50 þúsund kwst.

———,——— 14 ———,——— næstu 50 ———,———	
———,——— 12 ———,——— — 50 ———,———	

Notkun, sem er umfram 150 þúsund kwst. á ári, greiðist með 10 aurum hver kwst., enda áskilur rafveitan sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi, og 1 stund á kvöldi, á tímum mesta álags.

D. Hitun.

1. Um kwst. mæli á 12 auru hver kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn frá kl. 10.45 til kl. 12. Notkun umfram 10 000 kwst. á ári, greiðist með 10 aurum hver kwst., miðað við ársnotkun.

- 168 2. Um kwst. mæli á 4 aura hver kwst., ef straumurinn er rofinn frá kl. 8.30 til
28. ágúst kl. 23.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- Að klukkurofar séu fáanlegir, og að notandi kosti tengingu þeirra, og greiði leigu fyrir þá samkv. reglum, er gilda um leigumæla.

II. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við brunabótamat á húsnum og mannvirkjum á þann hátt, sem hér segir:

Frá kr.	Brunabótamat:	Jarðlína:	Loftlína:
	0— 10000.00	kr. 570.00	kr. 310.00
— —	10000.00— 15000.00	— 760.00	— 420.00
— —	15000.00— 20000.00	— 900.00	— 540.00
— —	20000.00— 25000.00	— 1050.00	— 670.00
— —	25000.00— 30000.00	— 1170.00	— 800.00
— —	30000.00— 40000.00	— 1320.00	— 900.00
— —	40000.00— 50000.00	— 1470.00	— 960.00
— —	50000.00— 60000.00	— 1590.00	— 1020.00
— —	60000.00— 70000.00	— 1670.00	— 1090.00
— —	70000.00— 80000.00	— 1740.00	— 1160.00
— —	80000.00— 90000.00	— 1810.00	— 1220.00
— —	90000.00— 100000.00	— 1880.00	— 1290.00
— —	100000.00— 125000.00	— 1950.00	— 1350.00
— —	125000.00— 150000.00	— 2100.00	— 1500.00
— —	150000.00— 175000.00	— 2250.00	— 1650.00
— —	175000.00 og yfir	— 2400.00	— 1800.00

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjalds um leið og heimtaugaruppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 15 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en 40 metrar, og gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað af því, sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

III. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 Amp. kr. 1.50 á mánuði.
2. — þrífasa mælum 50 Amp. og minni — 3.00 —,—
3. — þrífasa mælum 50 Amp. til 200 Amp. — 7.00 —,—
4. — þrífasa mælum yfir 200 Amp. — 10.00 —,—

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald:

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 10.00.

2. Óleyfileg vör.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 10.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. raforkulög nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. ágúst 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps er fyrirtæki, sem Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur starfrækja í þeim tilgangi, að veita raforku um bæinn og hreppinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Ísafjarðar og hafa sérstakt reikningshald.

Skulu aðilar gera með sér samning um eignarhlutdeild, réttindi, skyldur og annað, er snertir sameign þessa. Samningur þessi öðlast gildi, þegar hann hefur verið staðfestur af stjórnarráðinu.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Ísafjarðar vinnur raforku í orkuveri sínu í Engidal, svo og öðrum orkuverum, sem hún síðar kann að reisa í sama tilgangi eða kaupir raforku af öðrum og veitir þeirri orku, sem þannig er unnin eða keypt um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarhrepps og sá hluti nágrennis kaupstaðarins og hreppsins, sem bæjarstjórn og hreppsnefnd kunna að ákveða og ráðherra samþykkir.